

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Selfoss, 29. mars 2019
Tilvísun: 19011453

Efni: Beiðni um umsögn vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Hábrún ehf. vegna sjókvíeldis í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi. Hábrún ehf. er í dag með tvö rekstrarleyfi fyrir samtals 400 tonna sjókvíeldi í Skutulsfirði sem gefin voru út af annarsvegar Fiskistofu árið 2012 og hins vegar Matvælastofnun árið 2016. Hábrún ehf. hefur sótt um aukna framleiðsluheimild fyrir samtals 700 tonna framleiðslu á ári, 650 tonn af regnbogasilungi og 50 tonn af þorski og hyggst fyrirtækið stunda kynslóðaskipt eldi. Hámarkslífmassi stöðvarinnar mun ekki fara yfir 700 tonn.

Í samræmi við 7. gr. laga 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í tilkynningu sem barst Skipulagsstofnun í janúar árið 2018 og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 26. apríl 2019 og einnig á tölvupóstfang: vigdis.sigurdardottir@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Vigdís Sigurðardóttir

Vigdís Sigurðardóttir
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd Hábrúnar ehf.
2. Fylgiskjal 2: Ákvörðun um matsskyldu